

Stjórnarfundur 6. desember 2011

Í uppstillinganefnd eru: Jóhann Gunnarsson formaður, Egill Gústafsson og Laufey S. Valdimarsdóttir. Í stjórn hafa setið 2 ár, Hrafnhildur S. Björnsd., Pálína Snorradóttiri, Jóhann Gunnarsson og Kristbjörg Markúsdóttir.

Skoðunarmenn reikninga eru kostnir hvert ár.

Sýningarspjöldum hefur verið komið í geymslu, því er tímabært að hengja myndir félagsins og félagsmanna aftur upp.

Að minningu Þorláks og Sigríðar á Þurá þarf að hlúa betur, Pálinu og Auði er falið að ganga frá texta sem settur verði upp.

Leitað verði aðstoðar Júlíusar við að hengja myndir aftur á veggina.

Svör hafa ekki borist frá HNLFI um tíma í vatnsleikfimina né verð á næsta ári. Nína Dóra vill gjarna vera áfram með leiðsögnina en tíminn þarf að passa.

Kaupa á jólaljós í c.a. 5 glugga, Egill annast það.

Yfirfarinn jólakortalisti frá í fyrra og tillaga Jóhanns að nýju korti ákveðin.

Undirbúningur fyrir jólafund: Formaður minnst Hlífur Sigurðardóttur. Hverafuglar syngja. Rætt verður við séra Jón um hugvekju. Afhent verða verðlaun fyrir þútt. Stjórnin mæti kl. 11:00 til að leggja á borð fyrir fundinn.

Hrafnhildur fór á málþing um hjúkrunarheimili framtíðarinnar. Lagt til að láta prenta glærurnar og láta liggja frammi í Þorlákssetri.

Hverafuglar. Stjórn kórsins Edda Þorkelsdóttir, Bjarni Sæberg, Auður Guðbrandsd. og Ragnheiður Þorgilsdóttir mættu á fundinn. Nokkrir kórfélagar kvarta yfir að lagt sé mikið fram af lögum sem svo sé ekki tími til að æfa og fleira í aðferðum stjórnandans sé ómarkvisst. Hætta talin á að nokkrir muni hætta í kórnum ef ekki verður breyting á. Ekki hefur verið rætt sérstaklega við stjórnandann um stöðu mála. Fyrir liggur að framlag félagsins til kórsins verður kr. 300.000,- í vetur á móti því sem kemur frá kórfélögum. Samþykkt að stjórn kórsins boði Gróu Hreinsdóttur á fund fljótlega eftir áramót og reyna að ná samkomulagi um störf kórsins fram á vor. Kórinn hefur keypt efni í slæður og slaufur fyrir kórinn, heldur meira en þarf í

bili. Kostnaður við þetta er um kr. 50.000,-. Lagt er til að hvort tveggja verði í eigu félagsins. Kostnaðurinn verður gjaldfærður á kórinn. Miðað er við að kostnaður við kórinn verði ekki hærri en sem nemur áðurnefndu þaki, það er kr. 300.000,-.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundarritari Jóhann Gunnarsson, Hrafnhildur S. Björnsd., Jóna María Eiríksdóttir, Pálína Snorradóttir, Kristbjörg Markúsdóttir, Gústaf Óskarsson og Egill Gústafsson.

Stjórnarfundur 26. október 2011

Athugasemdir hafa verið bornar upp við formann vegna nýrrar staðsetningar skáps Þorláks heitins á Þurá. Samþykkt að færa skápinn í norðvesturhorn salarins. Myndir af hjónunum komi einnig þar á vegg. Þetta verði gert þegar skiltum frá sýningunni hefur verið komið fyrir annarsstaðar. Skápurinn er meistarastykki Þorláks í húsasmíði og verðskuldar athygli vegna vandaðrar vinnu.

Innbú er trygg hjá VÍS fyrir 7,7 milljónir og er samþykkt að fá það endurmetið.

Kór eldri borgara í Þorlákshöfn kemur í heimsókn n.k. föstudag og verður tekið á móti þeim í Þorlakssetri. Hverafuglar taka málið að sér.

Samþykkt að bjóða Grunnskólanum skjávarpann til varanlegara afnota en hjá okkur er ekki lengur þörf fyrir hann.

Bréf frá LEB þar sem vakin er athygli á því að þeir sem ekki hafa aðgang að tölvum eða kunna ekki á þær kunni að vera afskiptir í þjónustu hins opinbera. Þeim tilmælum er beint til félagsins að athuga möguleika á því að efla kunnáttu eldri borgara á þessu sviði. Með fylgdi upplýsingablað um evrófskt verkefni sem Reykjavíkurborg tekur þátt í og nefnist „Tölvufærni, samstarf kynslóðanna“. Stjórnin hefur áður rætt þetta verkefni og vinnur í því áfram..

Jólafundur ákveðinn 15. desember og starfið á nýju ári mánudaginn 9. janúar. Þorablót verður föstudaginn 10. febrúar og skoða á leigu á Hótel Hveragerði.

Aðaldundur verði 16. febrúar.

Rætt um ýmis atriði sem komið hafa upp hjá skemmtinefnd eða sem hægt væri að beina til hennar.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundarritari Jóhann Gunnarsson, Hrafnhildur S. Björnsd., Jóna María Eiríksdóttir, Pálína Snorradóttir, Kristbjörg Markúsdóttir, Gústaf Óskarsson og Egill Gústafsson.

Stjórnarfundur 6. september 2011

Dagskrá haustfundar rædd. Ákveðið hvað skuli auglýst af tómstundastarfi, einnig um verð og lágmarks þáttöku. Jóga lágmark 8 manns kostar kr. 3.000,- til áramóta. Útskurður lágmark 8, verð til áramóta kr. 4.000,-. Vatnsleikfimi kostar kr. 2.500,- á mann. Annað svo sem Pútt og Bingó standi undir kostnaði með samskotum og sölu spjalda.

Endað á að raða upp í salnum fyrir Haustfundinn.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundarritari Jóhann Gunnarsson, Hrafnhildur S. Björnsd., Jóna María Eiríksdóttir, Pálína Snorradóttir, Kristbjörg Markúsdóttir og Egill Gústafsson.

Stjórnarfundur 24. ágúst 2011

Skipulag vetarstarfsins, tekist hefur að fá leiðbeinendur í allt nema jóga en eftir er að ræða við Ragnheiði. Skemmtinefnd er enn óskipuð. Enginn ennþá til að stjórna bingóinu.

Stefnt er að haustfundi 8. sept.

Fréttabréf verði svipað og í fyrra og dagskráin send með.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundarritari Jóhann Gunnarsson, Hrafnhildur S. Björnsd., Jóna María Eiríksdóttir, Pálína Snorradóttir, Kristbjörg Markúsdóttir og Gústaf Óskarsson.

Stjórnarfundur 17. ágúst 2011

Sýningin Hveragerði vin skáldanna var opin föstudag til mánudags kl. 13 til 18. Það skráðu sig um 445 gestir í gestabókina en alltaf fara nokkrir án þess að skrá sig. Í sambandi við varðveislu sýningarinnar er fyrirhugaður fundur með stjórn, sýningarnefnd, Aldís bæjarstjóri og Eyþór Ólafsson mæta fyrir hönd bæjarins.

Haustfundur ræddur. Rætt um vetrarstarfið og haustferðina. Rætt um skipan í nefndir og dagskrá haustfundar. Gefa þarf út fréttabréf með dagskrá og verðlegga námskeið og ákveða lágmarkspáttöku ef þörf er á.

Óskað var eftir að minningargjöf Þórðar Snæbjörnssonar fari til Golfklúbbsins. Millifæraðar hafa verið kr. 10.000,- og bréf þarf að fylgja.

Breytingar á húsnæði vegna nýs sjónvarps. Færa þarf hátalaraleiðslur og taka niður skjávarpa. Kaupa hentuga kommóðu undir sjónvarpið og fá hjól undir hana. Samþykkt að gefa eða lána Grunnskólanum skjávarpan með skilyrðum.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundarritari Jóhann Gunnarsson, Hrafnhildur S. Björnsd., Jóna María Eiríksdóttir, Pálína Snorradóttir, Kristbjörg Markúsdóttir og Gústaf Óskarsson.

Stjórnarfundur 20. júlí.

Pálína og Jóhann segja frá gangi mála varðandi sýningunna Hveragerðisskaldin. Rætt var um opnunartíma sýningarinnar. Talið æskilegt að hafa opið lengur en verið hefur á fyrri sýningum. T.d. opið föstudag til mánudags kl. 13 til kl. 16. Rætt um kostnað en vinnuframlag Guðrúnar er orðið meira en hún fær greitt fyrir. Svanur hefur skrifað formanni um málið sem lesið var upp. Samþykkt að leita eftir styrkjum hjá fyrirtækjum í bænum.

Lagður fram listi sem Svanur Jóhannesson hefur gert með myndbandsefni frá Hveragerði í Skjalasafni Árnesinga. Margt af þessu efni er upplagt til flutnings á fimmtudagsrabbfundum í vetur.

Ólöf hefur þrifið húsnæði okkar eftir ósk stjórnar en það þyrfti að vera oftar. Þá þarf að bóna gólf eftir sýninguna og fara um leið yfir fyllt-púða á borðum og stólum.

Sumarferðin var farin 20. til 24. júní á Vestfirði. Ferðin tókst vel utan að matur sem var hjá Hótel Ísafirði en ekki hjá Hótel Eddu var ekki nógu góður og þar að auki illa útilátinn. Kvörtun hefur verið komið á framfæri vegna þessa.

Flatskjárin sem um var rætt er ekki kominn í hús en heildarverð með 3ja ára ábyrgð er um kr. 180.000,-

Hrafnhildur og Egill fóru ásamt mökum á Hótel Hamar í boði hótelhaldara. Viðurgjörningur og móttökur voru afbragsgóðar.

Sagt frá Íþróttamóti 50 + á Hvammstanga í júní s.l.

Minnt á 5 daga ferð til Stykkishólms í október sem allmargir hafa lýst huga á að fara.

Í tilefni af fráfalli Þórðar Snæbjörnssonar var rætt um minningargjafir. Minnt á að kirkjunni voru gefnar kr. 25.000,- í minningu Ólafs Steinssonar. Hrafnhildur ræðir við ekkju Þórðar um hverjum skuli gefið.

Eins dags ferð rædd og verður meira rædd eftir sýningu.

Púttmót FÁÍA verður 2. sept. í Gullsmára. Sveitir 4ra manna og einstklinga munu keppa. Félagið mun greiða fyrir eina sveit.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundarritari Jóhann Gunnarsson, Hrafnhildur S. Björnsd., Jóna María Eiríksdóttir, Pálína Snorradóttir, Kristbjörg Markúsdóttir, Gústaf Óskarsson og Egill Gústafsson.

Stjórnarfundur 14. júní 2011

Rætt um kaup á sjónvarpsflatskjá. Tillaga hefur komið frá sýningarnefnd Blómstrandi daga að hafa þar uppi sýnngu á myndum af Hveragerðisskaldunum.

Stjórnin telur að því fylgi töluverður kostnaður að skipta út skjávarpa og tjaldi fyrir 42ja tommu flatskjá. Við það fæst bjartari mynd, meiri upplausn og sveigjanlegra fyrirkomulag. Samþykkt að kaupa tæki samkvæmt tilboði sem Svanur Jóhannesson hefur útvegað um kr. 140.000,-.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundarritari Jóhann Gunnarsson, Hrafnhildur S. Björnsd., Jóna María Eiríksdóttir, Pálína Snorradóttir og Egill Gústafsson.

Stjórnarfundur 12. maí 2011

Viðstaddir undirritaðir.

Jóhann Gunnarsson greindi frá helstu málum sem fram komu á Landsfundi LEB í Stykkishólmi en hann sóttu Edda Þorkelsdóttir og Jóhann fyrir hönd félagsins

Meðal mála sem kynnt voru var Íþróttamót 50 ára og eldri sem halda á á Hvammstanga dagana 24. til 26. júní. Félagið mun kynna mótið í Dagskránni en félagið mun ekki kosta för manna á mótið.

Hverafuglar munu syngja við messu á degi aldraðra 2. júní í Hveragerðiskirkju. Gestir koma frá Þorlákshöfn. Ráðgert að hafa kaffi í Þorlakssetri fyrir viðstadda, Pálína, Jóna og Hrafnhildur standa fyrir því.

Bréf hefur borist um Sparidaga á Hótel Örk en þeir hefjast 26. febrúar og kosta kr. 42.000,-

Hótel Hamar hefur sent boð til tveggja stjórnarmanna á kynningarfund. Hrafnhildur og Egill athuga með að fara ásamt sínum mökum.

Blómstrafndi dagar, á fundinn mætti Guðrún Tryggvadóttir. Hún kynnti hugmyndir sínar að sýningu um Hveragerðisskáldin. Kostnaður við gerð spjalda nemur um kr. 80.000,- til viðbótar sem vinna hennar kostar samkvæmt samningi. Samþykkt að fara eftir þessum tillögum.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundarritari Jóhann Gunnarsson, Hrafnhildur S. Björnsd., Jóna María Eiríksdóttir, Pálína Snorradóttir og Egill Gústafsson.

Stjórnarfundur 6. maí 2011

Mættir undirritaðir.

Landsfundur LEB er í næstu viku, í ljós hefur komið að aðeins 2 fulltrúar eiga rétt á setu og því fara aðeins Edda og Jóhann.

Vorfagnaður verður fjölmennur en ef nóg er að borða veldur það ekki vandræðum. FEBH. mun sjá um að rukka kr. 1.000,- fyrir kaffi pr.mann.

Tilboð frá Guðrúnu Tryggvadóttur vegna Blómstrandi daga var tekið fyrir og samþykkt. Sýningin verði miðuð við þetta tækifæri en ekki miðað við víðtækari notkun.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundarritari Jóhann Gunnarsson, Hrafnhildur Björnsd., Egill Gústafsson og Pálína Snorradóttir.

Stjórnarfundur 19. apríl 2011

Mætt: Hrafnhildur, Egill, Jóhann, Gústaf, Kristbjörg, Pálína og kórstjórn Hverafugla einnig boðuð, Edda Bjarni og Hólmfríður.

Stjórn og varastjórn ásamt kórstjórn mætt á fundinn.

Félagið gerir upp við Gróu fram til vors.

Heimsókn í Bústaðakirkju hefur verið slegin af af hálfu Gróu stjórnanda Hverafugla. Talið að gjald í kórnum megi ekki nema meira en um 7.000,- á vetri. Stilla þarf kostnaði við stjórnanda eftir því. Stjórn kórsins falið að halda fund og ræða málefni kórsins innan hópsins.

Á degi aldraðra 2. júní mun kórinn syngja við messu, rætt hefur verið um sameiginlegt kaffi með gestum úr Þorlákshöfn.

Tilkynning hefur borist frá Dvalarheimilinu Ási um að eldri borgarar geti nú fengið keyptan mat í Ási. Auglýsing hefur verið hengd upp í Þorlákssetri og einnig sett inn á vef félagsins.

Óvissuferðin var farin fimmtudaginn 14. apríl. Ferðin hófst á Listasafninu og síðan haldið í Gerðuberg, Kjarvalsstaði, Baðstofu iðnaðarmanna við Lækjargötu og síðan ekið með höfninni og litið á þýsk herskip og dاتا.

Vorfagnaður verður föstudaginn 6. maí eins og ákveðið var. Eldri borgarar frá Gerðubergi koma í heimsókn sem þýðir að samkoman verður fjölmenn. Tilboð liggur fyrir um kaffihlaðborð á Hótel Örk fyrir kr.1.000,- á mann. Ef Gerðubergsfólk ákveður að koma þá förum við á Örkina en annars verðum við í Eden.

Tilboð í sumarferðina, rútu og hótél með kvöld- og morgunverði sem gerir kleift að selja ferðina á kr. 65.000,- fyrir herbergi með baði og kr. 55.000,- fyrir herbergi með handlaug. Ákveðið að biðja Örn Guðmundsson að sitja í ferðanefnd með Jóhanni Gunnarssyni.

Boðað hefur verið til Landsfunar LEB í Stykkishólmi 10. og 11. maí.

Á aðalfundi voru Edda og Jóhann kosin landssambandsfulltrúar og fara ásamt Hrafnhildi.

Bréf hefur borist frá LEB með hvatningu til félaganna að greiða félagsgjöldin sem fyrst.

Blómstrandi dagar. Í farmhaldi af umsókn um styrk hefur undirbúningsnefnd verið sett á laggirnar. Þar sitja Pálína Snorrad., Svanur Jóhannesson, Ragnheiður

Ragnarsdóttir, Björg Einarsdóttir og Hlíf Arndal. Nefndin hefur fundað nokkrum sinnum og gengur undirbúningur eftir áætlun. Óskað er eftir sjónvarpsskjá til að sýna þætti í sjónvarpi um Hveragerðisskáldin.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundarritari Jóhann Gunnarsson, Hrafnhildur Björnsd., Egill Gústafsson, Páina Snorradóttir, Kristbjörg Markúsdóttir og Gústaf Óskarsson.

Stjórnarfundur 29. mars 2011

Mættir undirritaðir.

Ákveðið að Hrafnhildur og Örn ákveði dagskrá óvissuferðar.

Hrafnhildur kynnti afmælisrit Félags eldri borgara á Selfossi.

Formannafundur eldri borgara á Selfossi frestaði vorfagnaði fram á haust. Egill las skýrslu Hrafnhildar sem hún flutti þar.

Kórinn fór á Vesturgötu 7, 12. apríl og Bústaðakirkju 5. maí, átti að ljúka vetrarstarfinu 6. maí í Eden, þar er hægt að kaupa kaffi og tertu fyrir kr. 600,-. Harmonikkuleikarar munu leika fyrir dansi. Samþykkt að greiða 1 rútuferð fyrir kórinn í vor.

Rætt um framtíðarstarfsemi. Oft hefur komið til tals tölvunámskeið. Áhugi er til staðar hjá Rauða krossinum og huga á að samstarfi næsta haust. Danskennari í Þorlákshöfn vill taka að sér danskennslu hér, skoða á málið í haust.

Sótt hefur verið um styrk til Menningarráðs Suðurlands vegna sýningar á Blómstrandi dögum í sumar.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundarritari Jóhann Gunnarsson, Hrafnhildur Björnsd., Páina Snorradóttir, Kristbjörg Markúsdóttir, Jóna María Eiríksd., Helga Har. og Gústaf Óskarsson.

Stjórnarfundur 28. febrúar.

Stjórn og varastjórn ásamt gesti fundarins Svani Jóhannessyni á heimili formanns.

Tillaga um að efna til samvinnu við bókasafn og skóla um sýningu eða atburðaröð á Blómstrandi dögum 2011 og síðar. Hugmynd er að sækja um styrk til sýningarinnar

til Menningarráðs Suðurlands. Þema sýningarinnar væri Hveragerðisskáldin, mætti útvíkka til að ná yfir aðra listamenn eftir atvikum. Heiti viðburðar:

„Hveragerðisskáldin“ Svanur og Pálína tóku að sér að tala við væntanlega samstarfsaðila og koma umsókn til skila. Svanur vék af fundi eftir þessa umræðu.

Hverafuglar og málefni þeirra. Málin rædd og finnst stjórn akkur í að hafa góðan kór innan sinna vébanda. Til að svo megi verða getur þurft að leggja kórnum til fjármagn. Agli falið að semja við Gróu Hreinsdóttur fram á vor þannig að hún verði ekki óánægð. Tíminn verði svo notaður til að ræða framtíðina.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundarritari Jóhann Gunnarsson, Hrafnhildur Björnsd., Egill Gústafsson, Páína Snorradóttir, Kristbjörg Markúsdóttir, Jóna María Eiríksd. og Gústaf Óskarsson.

Aðalfundur 17. febrúar 2011

Hrafnhildur formaður bauð funargesti velkomna og bað þá að standa upp og minnst tveggja látinna félaga þeirra Guðmundar Marínós Þórðarsonar og Jóns Arnalds.

Hrafnhildur kom með tillögu að Jóna Einarsdóttir yrði funarstjóri sem var samþykkt.

Jóna þakkaði traustið og stakk upp á Pálínu Snorradóttur sem fundarritara. Funarstjóri lýsti því yfir að löglega hefði verið boðar til fundarins og væri hann því lögmætur.

Skýrsla formanns Hrafnhildar Björnsdóttur. Hrafnhildur sagði m.e. að haldnir voru 14 stjórnarfundir og 3 almennir fundir á liðnu starfsári en stjórnin sótti ýmsa aðra fundi. Á síðustu mánuðum hafa 30 nýir félagar gengið í félagið. Mennigarráð Suðurlands styrkti félagið vegna sýningarinnar Handverk og listir í Hveragerði sem haldin var á Blómstrandi dögum í Þorlákssetri. Gestir Sparidaga Hótelar komu á þriðjudögum og bjóðum við þeim kaffi og jólaköku, þeir eru ánægðir með móttökurnar. Helga Haraldsdóttir og Hrönn Waltersdóttir sáu um skreytingu á jólaglugga í krikjunni fyrir hönd félagsins. Hrafnhildur þakkaði þeim og öllum nefndum, þeirra frábæra starf auk stjórnarinnar sem hún sagði að hefði verið einstaklega gott að vinna með. Skýrslunni tekið með dynjandi lófaklappi, athugasemdalaust.

Nefndarstörf.

Skemmtinefnd Edda Þorkelsdóttir sagði frá en auk hennar sátu í nefndinni Helga Haraldsdóttir og Hólmfríður Kristjánsdóttir. Á vordögum var farið að sjá Íslandsklukkuna en síðari ferðin í Borgarleikhúsið að sjá Hænuungann. Framundan er þriðja leikhúsferðin 19. mars að sjá „Afann“. Athugað verður með að fara á sýningu Leikfélags Hveragerðis sem æfir nú „Blessað barnalán“. Farið var á Vínartónkeika í byjun árs. Gestir á fimmtudagsrabbfundum hafa verið t.d. Vilborg Davíðsdóttir, Hildur Hákonardóttir, Þór Vigfússon, Hákon Sigurgrímsson og fleiri, þá hafa ýmsir félagar okkar lagt til áhugaverð efni.

Ferðanefnd: Jóhann Gunnarsson sagðist eiginlega vera einn í ferðanefnd, sumarferðin var farin til Akureyrar. Haustferðin var um uppsveitir Árnessýslu og komið við í Forsæti, Slakka og Úthlíð í Biskupstungum. Ferð var farin til Reykjavíkur að skoða Sjóminjasafnið með viðkomu í Kringlunni á heimleið. Næsta sumarferð verður til Ísafjarðar 20. – 24. júní og búið er að panta herbergi.

Pútthópur: Frá síðasta aðalfundi fram á vor til 14. maí var þúttað alls 12 föstudaga sem skipt var í 2 mótaraðir. Þáttakendur voru 24. Tímabilinu lauk með kaffisamsæti á Kjöt og Kúnst. Farið var á árlegt Þúttmót Félags áhugamanna um íþróttir fyrir aldraða sem fram fór 3. sept. á þúttvelli í Gullsmára í Kópavogi. Þáttakendur frá okkar félagi voru 4.

Bókaklúbbur: Svanur Jóhannesson sagði frá að starfið hófst árið 2007. Þau hjón Ragnheiður Ragnarsdóttir og Svanur hafa annast umsjón klúbbsins. Síðasta ár hafa um 30 manns mætt á bókmenntafundi en um 20 félagar lesa upp. Klúbbfélagar lásu saman Íslandsklukkuna áður en farið var að sjá leikritið í Þjóðleikhúsinu. Þáttakendur ráða sjálfir hvað þeir lesa og lesendur eru um 5 á hverjum fundi.

Boccia: Jón Helgi segir frá að æft er 2svar í viku á miðvikudögum og föstudögum. Skemmtileg íþrótt og góð hreyfing. Árlega er farið til Reykjavíkur og keppt við bocciaíðkendur víðsvegar af landinu.

Gönguhópurinn: Jóna Einarsdóttir sagði frá að Gönguhópurinn „Út um allt“ gengur um klukkustund á hverjum þriðjudagsmorgni kl. 10:00.

Ársreikningar: 2010.

Egill Gústafsson les reikninga félagsins:

Halli á reglulegri starfsemi félagsins er kr. 565.486,-

Handbært fé kr. 4.624.936,-

Ýmsar skammtímaskuldir kr. 277.093,-

Egill útskýrði reikningana. Hann gat þess m.a. að ekki væri búið að gera við sameign eftir jarðskjálftann. Bæta þarf brunavarnir og setja stiga utan á húsið. Reikningarnir bornir upp og samþykktir samhljóða.

Lagabreytingar, útskýrðar af Jóhanni Gunnarssyni.

Á síðasta aðalfundi var skipuð laganefnd sem skyldi yfirfara lög félagsins og gera breytingar er þrúfa þætti. Nefndina skipuðu: Jóna Einarsdóttir, Jón Arnalds og Jóhann Gunnarsson. Stjórn félagsins hafði yfirfarið breytingarnar og breytt nokkrum atriðum. Jóna Einarsdóttir lagði fram tillögur nefndarinnar. Breytingar voru gerðar við 1., 4. og 6. grein auk tillögu um uppstillinganefnd. Allar breytingar samþykktar samhljóða.

Árgjald. Tillaga frá Agli gjaldkera um að hækka árgjald félagsins í kr. 2.500,- árið 2012. Samþykkt með meirihluta atkvæða.

Svanur skoraði á stjórn FEBH að koma því á framfæri við stjórn LEB að styrkja starf sitt t.d. með því að gefa blað sitt oftar út ár hvert. Gjald til LEB var lækkað á síðasta aðalfundi Landsambandsins vegna hótana frá FEB í Reykjavík.

Stjórnarkjör. Egill og Gústaf gáfu kost á sér í stjórn næstu 2 árin sem var samþykkt og Jóna María einnig endurkjörin til 2ja ára.

Skoðunarmenn: Uppástunga um Helgu Baldursdóttur og Svan Jóhannesson

sem skoðunarmenn. Samþykkt samhljóða.

Kosninga á Landsfund LEB. Tillaga um Jóhann og Eddu samþykkt samhljóða, formaður er sjálfkjörinn.

Kaffihlé.

Önnur mál.

Egill gjaldkeri vakti athygli á fyrirkomulagi við greiðslu árgjalds, að þeir sem greiða fyrir 10. mars fá ekki senda greiðsluseðla, eftir þann tíma bætist við seðilgjald.

Fleiri kvöddu sér ekki hljóðs undir liðnum önnur mál.

Jóna fundarstjóri þakkaði funarmönnum góða fundarsetu

og sleit fundi. (ekki getið um tíma)

Funarritari var Pálína Snorradóttir.

Stjórnarfundur 16. febrúar 2011

Stjórn og varastjórn mætt.

Undirbúningur undir aðalfundinn. Jóna Einarsdóttir verði fundarstjóri og Pálína Snorradóttir ritari. Egill, Jóna María og Gústaf hafa lokið kjörtímabili sínu en gefa kost á sér áfram.

Lagt til að félagsgjaldið fyrir árið 2012 verði kr. 2.500,-.

Fulltrúar á Landssambandsþing 10. maí, stungið er upp á Eddu Þorkelsdóttur og Jóhanni Gunnarssyni ásamt formanni.

Reikningar eru tilbúnir.

Hugmyndir um viðburð á Blómstrandi dögum. Pálína stakk upp á að gerð yrði dagskrá um Hveragerðisskaldin.

3 nýir félagar hafa verið skráðir síðan síðast.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundarritari Jóhann Gunnarsson, Hrafnhildur Björnsd., Egill Gústafsson, Pálína Snorradóttir, Kristbjörg Markúsdóttir, Jóna María Eiríksd. og Gústaf Óskarsson.

Stjórnarfundur 17. janúar 2011

Stjórn, varastjórn og laganefnd eru mætt á fundinn.

Farið yfir tillögur laganefndar til breytingar á lögum félagsins. Nokkrar breytingar samþykktar.

Ritari gerði grein fyrir hverjir fengu jólakort frá félaginu og sýndi eintak af korti sem hann bjó til.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundarritari Jóhann Gunnarsson, Hrafnhildur Björnsd., Egill Gústafsson, Páína Snorradóttir, Kristbjörg Markúsdóttir, Jóna María Eiríksd. og Gústaf Óskarsson.

Stjórnarfundur 10. janúar 2011

Stjórn og varastjórn mætt.

Rútufyrirtæki Guðmundar Tyrfingssonar hefur óskað eftir fundi. Formaður og ritari munu hitta þá á fundi 19. janúar.

Ritari fór yfir tillögur laganefndar til breytinga á félagslögum. Ákveðið að boða. Jón og Jónu til að gera grein fyrir störfum nefndarinnar og hugmyndum. Fundur ákveðinn 17. jan. hjá formanni.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundarritari Jóhann Gunnarsson, Hrafnhildur Björnsd., Egill Gústafsson, Páína Snorradóttir, Kristbjörg Markúsdóttir, Jóna María Eiríksd. og Gústaf Óskarsson.